

218. fundur skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurlands – haldinn 16. september 2022 kl. 13:30

Mætt: Ásrún Aldís Hreinsdóttir (fulltrúi nýnema), Geirmundur Sigurðsson (fulltrúi foreldra), Guðbjörg Bergsveinsdóttir (fulltrúi kennara), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Olga Lísa Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson (í síma), Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson og Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

Dagskrá:

1. Tölfræði haustannar - BEB
2. Fjárlagafrumvarpið 2023, uppgjör 2022, staðan í dag - HE
3. Heimavist FSu - OLG, JÝJ
4. Önnur mál

Formaður setur fundinn.

1. Tölfræði haustannar – áfangastjóri fór yfir tölfræði haustannarinnar. Meðal þess sem kom fram er að alls eru 909 nemendur skráðir í dagskóla, þar af 265 nýnemar. Nemendum hefur fjölgæð nokkuð á síðustu árum. Nokkuð fleiri karlkyns nemendur en kvenkyns eru í skólanum. Eins og síðustu ár er um helmingur nemenda skólans skráðir til heimilis í Árborg. Rétt rúmlega helmingur nemenda er skráður á stúdentsbrautir, flestir á opna línu stúdentsbrautar. Í framhaldi af umræðu um tölfræðina kynnti aðstoðarskólameistari niðurstöður könnunar á bókkostnaði og vinnu nemenda með námi. Þar kom m.a. fram að talsverður fjöldi nemenda er í þónokkurri vinnu samhliða námi.

2. Fjárlagafrumvarpið – fjármálastjóri fór yfir stöðuna á síðasta ári. Nokkur halli var á rekstrinum í fyrra, eða 73,4 milljónir kr. Staða skólans við ríkissjóð fór úr því að vera jákvæð um 54,1 milljón í lok árs 2020 yfir í það að vera neikvæð um 19,3 milljónir í lok árs 2021.

Umræður um fjárframlög til skólans og reiknilíkanið sem er notað til að útdeila fjármagni til skólanna. Kennsluafsláttur, kennslumagn og aukin aðsókn í skólann og fleira þessu tengt hefur mikil áhrif á rekstur skólans. Erfiðlega gengur að fá áætlun um nemendafjölda breytt. Þá voru einnig umræður um garðyrkjuskólann og rekstrarkostnað við námið þar sem á eftir að koma í ljós.

Þá var umræða um aukinn áhuga á iðnnámi. Til dæmis nám í bíðulögnum og tækniteiknum og möguleikana á meiri nýtingu á húsnæði skólans.

3. Heimavist FSu: skólameistari sagði frá stöðunni á heimavist skólans. 16 nemendur búa á vistinni eins og er, einhverjir saman í herbergi. Hefur gert athugasemdir við skorti á viðhaldi, en húsið er komið nokkuð til ára sinna. Það er í mikilli notkun yfir árið. Neðri hæðin er leigð út til annarra, t.d. til ferðamanna og farandverkamanna og gerðar hafa verið ýmsar ráðstafanir til að koma í veg fyrir samgang þar á milli. Starfsmanni hefur verið bætt við á kvöldin í

gæslu. Átta nemendur hafa dvalið í heimavist á Reykjum en þar er umhverfið allt annað, m.a. vegna aldurs nemenda þar.

Formaður skólanefndar sagði frá samskiptum sínum við Einar Frey, sveitarstjóra Mýrdalshrepps, sem hefur lagt mikla áherslu á að þetta úrræði verði áfram til staðar. Skipaður hefur verið starfshópur sem mun vinna tillögur að framtíðarsýn heimavistarmála skólans. Leigusamningurinn við húseiganda rennur út í vor.

Lesin var upp bókun af fundi SASS um skipan starfshópsins. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þessa máls. Formaður mun sitja í hópnum fyrir hönd skólanefndar.

4. Önnur mál:

- Skólameistari sagði frá endurnýjun á jafnlaunavottun – hún er á lokametrunum.
- Á þriðjudaginn verður kynning fyrir aðstandendur nýnema, í fyrsta sinn á staðnum eftir Covid.
- Nýnemaball NFSu var haldið í gærkvöldi í Hvítá húsinu. 500 miðar voru seldir. Notuð var aðkeypt gæsla. Nokkur ölvun var meðal nemenda á ballinu og ljóst að rýna þarf verklag í tengslum við dansleiki á vegum NFSu og skipulag þeirra.
- Umræða um viðbragðsáætlun vegna ofbeldismála. Nýleg áætlun frá Fjölbautaskólanum við Ármúla verður líklega aðlöguð að FSu og tekin í notkun á næstunni.
- Umræða um námsráðgjöf í fangelsum í kjölfarið á fjölmíðlaumræðu um þau mál.

Næsti fundur verður föstudaginn 18. nóvember kl. 13:30.

Fundi slitið kl. 15:19

Asrun Atelis Areinsel.

Sigríður Ólars Guðjohnn.

SIGRÍÐUL ÓLNA GUÐJONN

Sænileg
Einar Frey
fjármálaþróunarsel.

Jón S. V. Sæmundsson
Ólafur Grantauf
Sigurðsveinn Sigurðsson